

B5

Umhverfisstofnun
28 FEB. 2007
54.41
Tilv. UST20070200031

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

UST

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
② (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. febrúar 2007
Tilvísun: UST20070200031/bs

Lýsing Þrengslavegar frá Svínahrauni að Þorlákshöfn. Frekari umsögn

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á svari Orkuveitu Reykjavíkur við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir: Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur segir m.a.: " *Sjónræn áhrif ljósastólpa eru huglæg, það fer eftir því hver matsaðilinn er hve mikil áhrif þeir eru taldir hafa í landslagi.*" Umhverfisstofnun bendir á að umræddir ljósastólpars eru 10 metra háir og gefa frá sér mælanlegt ljósmagn. Sjónræn áhrif þeirra geta því vart talist huglæg.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir sjónrænum áhrifum þess að koma fyrir 10 metra háum ljósastólpum við Þrengslaveg á völdum stöðum þar sem vænta má að útsýni frá veginum breytist. Hér er t.d. átt við brekkubrún í Eldborgarhrauni syðst í Þrengslum. Vegna nálægðar umræddra stólpa við veginn má líkja sjónrænum áhrifum þeirra við sjónræn áhrif háspennulínu sem staðsett væri rétt utan veghelgunarsvæðis.

Umhverfisstofnun telur ekki fullnægjandi að við mat á sjónrænum áhrifum sé vísað til þess að það fari alfarið eftir viðhorfi hvers og eins hvort yfirleitt sé tekið eftir ljósastaurum við veginn.

Umhverfisstofnun telur því svör OR varðandi sjónræn áhrif framkvæmdarinnar ófullnægjandi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Helgi Jónasson